

136. löggjafarþing 2008-2009  
Þskj. 24 – 24 mál

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 136/187**  
**komudagur 24. 11. 2008**

Reykjavík, 21. nóvember 2008

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun barnameningarhúss

Frá Önnu Þorbjörgu Ingólfssdóttur lektor í íslensku á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Hugmyndir sem fram koma í tillögunni eru metnaðarfullar og lýsa góðum vilja og fyrir það ber að þakka. En mikið vantar upp á að verkefnið sé skýrt afmarkað og mikil hættu er á því að jafn umfangsmikið og dýrt verkefni renni út í sandinn, ekki síst í ljósi þeirra efnahagserfiðleika sem þjóðin glímir nú við.

Ég legg því til að fyrst um sinn einbeiti menn sér að því að efla lestur og læsi barna með stofnun Barnabókastofu. Hlutverk þeirrar stofnunar væri fyrst og fremst:


- að hafa yfirsýn yfir það sem gert er víðs vegar í samfélaginu til að efla lestur barna, barnabókmenntir og lestrarmenningu
- að tengja fólk saman sem vinnur á þeim vettvangi og sameina krafta þeirra
- að veita ráðgjöf og aðstoð
- að fá til liðs við sig þær stofnanir samfélagsins sem málið er skylt, til dæmis fjölmiðla

Til þessa þarf starfsmann í fullt starf, skrifstofuaðstöðu og tryggan fjárhagsgrundvöll til fimm ára.

Ég tel þetta raunhæfari kost en barnameningarhús og mun brýnni eins og á stendur. Það er forgangsverkefni að efla lestur og lesskilning íslenskra barna. Hins vegar gæti starfsemi Barnabókastofu þróast í framtíðinni til samstarfs við fleiri og úr því gæti orðið barnameningarhús.

Barnabókastofa gæti tekið til starfa fljótlega á komandi ári, 2009.

Virðingarfyllst

  
Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir

Fylgiskjal:

*Hvernig glæðum við áhuga barna á lestri? Skýrsla um könnun á vegum Samtaka um barnabókastofu.*